## Námsáætlun fyrir stærðfræði - 4. bekkur
## skólaárið 2023– 2024

**Kennari:** Bryndís Knútsdóttir og S.Þóra Gunnarsdóttir
**Tímafjöldi:** 5 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Stærðfræði og tungumál** | • Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. | Til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í vetur eru fjölbreyttar kennsluaðferðir nýttar sem ætlað er að nái til ólíkra einstaklinga s.s. bein kennsla, utanbókarnám, þrautalausnir, sjálfstæð vinna, hópvinna, verkleg vinna, notkun vasareikna, námsleikir, spil, rökstuðningur og þemavinna. | Símat og kannanir. |
| **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar** | • Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga. | | Kannanir. |
| **Tölur og reikningur** | • Notað tugakerfisritþátt.<br>• Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.<br>• Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reiknasamlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.<br>• Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi. | Nemendur æfa sig í að setja upp dæmi eftir kennara og sjálfir. | Kannanir.<br>Rúðubók metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Algebra** | • tjái sig um regluleika í mynstri með margvíslegum hætti, s.s. með orðum, teikningum eða tölum<br>• leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu | | Kannanir. |
| **Rúmfræði og mælingar** | • Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.<br>• Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.<br>• Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. | Rúmfræðihefti, vinnubækur til að þjálfa hugtökin og beitingu reglustiku. | Kannanir. |
| **Tölfræði og líkindi** | • Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. | | Símat og kannanir. |

**Námsgögn:**
Sproti 4a og 4b. Efni frá kennara sem æfir rökhugsun og lausnamiðaða hugsun
Vasareiknar, talnagrindur, speglar og annað sem þarf til við vinnuna.
Ýmis verkefni í gegnum Seesaw.

**Lokanámsmat**:

Kannanir úr Sprota 4a og 4b yfir skólaárið. Námsmat allan veturinn byggir á könnunum sem segir til um stöðu nemenda og dreifast jafnt yfir veturinn.

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Ásamt því að virkni nemenda er metin.